

Nd.

490. Breytingartillögur

[72. mál]

við frv. til l. um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Á árunum 1967—1970 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af bifreiðum sem hér segir:
 - a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: 240.00 kr. árið 1967, 360.00 kr. árið 1968, 360.00 kr. árið 1969 og 180.00 kr. árið 1970.
 - b. Af öðrum bifreiðum: 420.00 kr. árið 1967, 660.00 kr. árið 1968, 660.00 kr. árið 1969 og 300.00 kr. árið 1970.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Skattur þessi skal innheimtur með bifreiðagjöldum, og skulu gilda um innheimtu hans sömu reglur sem um bifreiðaskatt, þar á meðal ákvæðin um frádrátt á gjaldi vegna innilegu skráningarkerkis, lögtaksrétt og lögveð.
3. Við 15. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatala samkvæmt því.